

Nærsamfélag



Til þess að ná sem bestum árangri í heilsueflingu og forvörnum í skólastarfinu er mikilvægt að vera í samstarfi við lykilaðila í nærsamfélaginu.

Virkt samstarf milli skóla og annarra í nærsamfélaginu stuðlar að sameiginlegum skilningi á því sem er mikilvægt til heilsueflingar og velferðar, að lausnum helstu viðfangsefna og að leiðum til úrbóta og árangurs.

Til að átta sig á nærsamfélagi hvers skóla þarf fyrst að skoða hvaða stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök eru í skólahverfinu og síðan hvort viðkomandi sé þegar tengdur skólastarfinu og þá hvernig. Kortlagning samstarfsaðila í nærsamfélaginu gefur yfirsýn yfir stöðuna og hugsanleg sóknarfæri til nánara samstarfs. Helstu samstarfsaðilarnir eru t.d. heilsugæsla, félagsmiðstöð, þjónustumiðstöð, verslanir, íþróttafélög, íbúasamtök, lögregla og kirkjan. Markmið samstarfsins er að samræma aðgerðir og móta sameiginlega sýn og stefnu um heilsueflingu.

Viðmið

- Virkt samstarf er á milli skóla og nærsamfélagsins.
- Samræmi er milli áherslu skólans og lykilaðila í nærsamfélaginu.

Gátlisti

Í gátlistanum eru nefnd atriði sem huga þarf að til að viðmið náist og stigagjöfin auðveldar skólanum að sjá stöðu sína. Gátlistinn er ekki tæmandi og hver og einn skóli getur bætt við atriðum eftir þörfum og aðstæðum.

Stigagjöf: 1 = Að engu leyti 2 = Að hluta til 3 = Að fullu
Forgangur: 1 = Lítil eða enginn 2 = Miðlungsmikill 3 = Mikill

Nærsamfélag	Stigagjöf			Forgangur		
	1	2	3	1	2	3
Fulltrúi nærsamfélagsins á sæti í skólaráði.						
Skólinn hefur frumkvæði að myndun tengslanets með lykilaðilum úr nærsamfélaginu.						
Skólinn tilnefnir sérstakan tengilið skólans við nærsamfélagið.						
Skólinn fer reglulega í heimsóknir til aðila í nærsamfélaginu í heilsueflingar- og forvarnaskyni.						
Skólinn hefur frumkvæði að reglulegum fundum með lykilaðilum nærsamfélagsins.						
Samstarf er við lögreglu m.a. vegna upplýsinga um sölu áfengis, tóbaks eða ólöglegra vímuefna í hverfinu.						

Verkfærakistan – Nærsamfélag

Á vefsíðunni www.lydheilsustod.is/heilsueflandiskoli/naersamfelag er skrá yfir efni og verkefni sem skólinn getur nýtt sér. Reglulega er bætt þar við nýju efni og ábendingar eru vel þegnar.